

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	1.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Freysteinsson	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna vettvangsferð mengunareftirlits í Alcoa Fjarðaál.

Eitt frávik kom fram vegna olíumengunar í vestari settjörn.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Mælingar og vöktun sbr. síðasta ársfjórðungsskýrsla
- Skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Síðasta eftirlit fór fram þann 24. júní sl. en þá komu engin frávik fram frá kröfum starfsleyfis og engum ábendingum komið á framfæri. Kerlekar hafa verið talsverðir að undanförunu sem skýrist að hluta til af því að mörg ker eru orðin nokkuð gömul og svo virðist sem líftími kerjanna sem eru af annarri kynslóð sé styttri en í fyrstu kynslóð. Unnið er að útskiptingum á kerjum og áætlað að búið verði að skipta út kerjum af annarri kynslóð um mitt næsta ár. Um 30 kerlekar eru skráðir á árinu 2020. Farið var yfir skráningar á kerrekstri, fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð við kerlekum. Í sumum tilvikum er undanfari á kerlekum sem kemur fram m.a. í eftirliti með efnasamsetningu í kerjunum. Í síðasta eftirliti var einnig farið yfir útflutning og skráningar úrgangs sem og skráningar á olíugeymum.

Farið var yfir skráningar á losun og samantekt niðurstaðna í ársfjórðungsskýrslum. Hávaðamælingar voru framkvæmdar í júlí og ágúst. Skýrsla úr mælingunum barst Umhverfisstofnun 1. september sl. en niðurstöður þeirra voru innan skilgreindra viðmiðunarmarka. Mælingar í vestari settjörn sem framkvæmdar voru 17. nóvember sl. voru yfir starfsleyfismörkum varðandi styrk olíu, þ.e. 18 mg/l. Engin atvik um olíuleka voru skráð í atvikaskráningarkerfi en fyrirtækið vann að frekari greiningu á uppruna atviksins. Mælingar voru endurteknar þann 20. nóvember og mældist olía þá við útrás settjarnar 4 mg/l.

Losun flúors er yfir innri markmiðum Alcoa sem skýrist fyrst og fremst af tíðum kerlekum eins og fjallað hefur verið um hér framfar. Mikil eftirfylgni og eftirlit er með rekstri kerskála og reykhreinsivirkja þar sem að losun flúors kemur fyrst og fremst frá kerskálunum.

Vel er haldið utan um skráningar í gagnagrunnum og reglulega teknar út framleiðsluskýrslur sem kynntar eru fyrir stjórnendum. Farið var yfir atvikaskráningar, viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði s.s. reykhreinsivirkjum og ryksöfnurum.

Unnið er að endurfóðringu blandofna í steypuskála en tilkynning um það var send Umhverfisstofnun í nóvember sl. Vel er haldið utan um skráningar um verkáætlanir um verkið og var áætlað að bókun á fóðringum hæfist um miðjan desember. Útsteyping á áli fer að hluta til fram á afmörkuðu svæði í kerskála við hlið kerfóðrunar. Sýni úr eldri fóðringunum hefur verið sent til efnagreiningar til að finna viðeigandi farveg til endurnýtingar. Efnid er geymt tímabundið í lokuðum gámum á Hafnarsvæði og er stefnt að því að koma því til endurvinnslu erlendis.

Í skoðunarferðinni var gengið um kerskála, kersmiðju þar sem að útsteyping fer tímabundið fram, steypuskála og að vestari settjörn. Umgengni var almennt góð á þessum svæðum. Sjáanleg olíubræk var í vestari settjörninni.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Grein 2.12 í starfsleyfi og reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

Styrkur olíu mældist 18 mg/l í fráveitusýni út úr vestari settjörn þann 17. nóvember sl. sem er yfir starfsleyfismörkum (15 mg/l). Annað sýni var tekið 20. nóvember og mældist styrkur olíu við útrás 4 mg/l. Í eftirlitinu sást olíubræk í settjörninni sem er frávik frá reglugerð um fráveitur og

skólp.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sent inn greinargerð varðandi hvernig reksturinn fellur að kröfum í BAT niðurstöðum sem eru í rýni hjá Umhverfisstofnun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.01.2021

Halla Einarisdóttir
Halla Einarisdóttir

